

**Stjórnarfundur Leiknar:** miðvikudaginn 13. desember 2017 kl. 13:00.

**Staður:** Skype fundarherbergi.

**Mætt:** Guðrún Vala Elísdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Ólafur Ástgeirsson og Helgi Þorbjörn Svavarsson.

### **1. Heimasíða Leiknar.**

Ný heimasíða Leiknar skoðuð og yfirfarin lítlilega. Nauðsynlegt að fara yfir efni síðunnar og gera breytingar og lagfæringar eftir þörfum. Einnig rætt um lógó Leiknar og hugsanlega endurnýjun á því. Ákveðið var að athuga í góðu tómi hvort ástæða sé til þess að endurnýja lógóið. Ljóst er að nýja heimasíðan lítur vel út en að nauðsynlegt sé að huga að því að koma myndum á síðuna t.d. eð því að fá myndir úr starfi aðildarstofnana. Formaður brýndi fundarmenn fyrir því að vera vakandi fyrir efni á heimasíðuna þar sem mikilvægt er að virkni sé á síðunni.

Ábendingar um nokkrar leiðréttingar, m.a. í aðildarskrá að Kvöldskóli Kópavogs dettur út þar sem hann er hættur starfsemi. Athuga með Menntamálaráðuneytið og símenntunardeild þess sem er inni í netfangaskrá, en athuga engu síður hvort ekki sé rétt að hafa upplýsingar um deildina samt sem áður á síðunni. Mikilvægt að stjórnarmenn fari reglulega yfir síðuna og sendi ábendingar til Guðrúnar Völu um lagfæringar.

### **2. Málstofa í viku starfsmenntar 23. Nóvember sl.**

Formaður sagði frá málstofu starfsmenntar sem haldinn var að frumkvæði Rannís Erasmus+, Menntamálaráðuneytis og Iðunnar fræðsluseturs. Þar var Formaður með erindi um námsleiðir í fullorðins fræðslu og fjallaði hvað er efst á baugi á fræðslumiðstöðum. Hún setur glærur af erindinu inn á heimasíðu Leiknar.

### **3. GOAL**

Komið er að lokum evrópska samstarfsverkefnisins GOAL, en formaður var í samráðshópi fyrir hönd Leiknar. Verkefnið gekk út á að finna leiðir til að nálgast verst stöddu einstaklingana í ráðgjöf fullorðinsfræðslunnar og finna verkfæri sem nýtast best með þessum markhópi í ráðgjöf. Lokaráðstefna um niðurstöður hérlendis verður haldin 14. desember í Golfskála Garðabæjar. Eftir hádegi verður stefnumótunar vinna varðandi ráðgjöf markhóps verkefnisins og mun formaður Leiknar koma að þeirri stefnumótun. Skýrsla verkefnisins er komin út og er það vilji stjórnar að gefa

verkefninu kost á að birta skýrsluna á heimasíðu Leiknar sem hluta af birtingaráætlun verkefnisins. Verkefninu verður formlega lokið með ráðstefnu í Brussel í janúar nk.

#### **4. Fræðsluerindin fram undan**

Norræna flóttamannaverkefnið (Helgi) 9. janúar.

Upplýsingatækni (Mímir) 6. febrúar. (Anna Kristín)

Menntagildi í landbúnaði (LBHÍ) 6. Mars. (Guðrún Lárusdóttir)

Fjórdá lönbyltingin í iðnaði (Iðan) 10 apríl. (Ólafur)

Ákveðið að halda því opnu hvaða erindi verður í maí. Ýmsar hugmyndir lagðar fram. t.d. Project based learning, Fræðsla fyrir fatlaða, erindi um væntanlega námsferð stjórnar, kennslufræðileg námskeið o.fl.

#### **5. Erlent samstarf**

Formaður sagði frá beiðni um uppfærslu á upplýsingum til EAEA. Ákveðið að formaður fylli út þessar upplýsingar og sendi. Formaður sendir framsendir fréttabréf EAEA til stjórnarmanna.

#### **6. Önnur mál**

a) Námsferð stjórnar til Danmerkur

Anna Kristín er búin að hafa samband við VEU í Kaupmannahöfn og Danmörku og fengið jákvæð viðbrögð og reiknar ekki með öðru en að sama verði upp á teningnum hjá VU í Haderslev. Ákveðið að hver og einn stjórnarmeðlimur hugsi með sér með hvaða hætti heimsóknin ætti að vera, og ákveði hvað við viljum fá út úr heimsókninni. Skoða dagsetningar sem heimsóknin gæti átt sér stað.

b) Jólafréttabréf.

Ákveðið að senda út jólafréttabréf og m.a. koma þar á framfæri til aðildarstofnana að senda okkur myndir til að nota á síðuna

c) Næsti fundur stjórnar

Næsti fundur verður haldin 26. janúar. Stefnt er á að hittast í raunheimum kl. 12, staðsetning nánar ákveðin síðar.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundarritun Helgi Þ. Svavarsson